

# Eystrahorn

45. töl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 13. desember 2018

www.eystrahorn.is

## Fjallamennskunám FAS

Fjallamennskunám FAS hefur verið í fullum gangi það sem af er vetri og hafa nemendur tekið þátt í sex verklegum námskeiðum á vegum skólans auk þess að sinna öðrum áföngum námsbrautarinnar sem kenndir eru í fjarkennslu. Tólf nemendur eru skráðir í einn eða fleiri áfanga fjallamennskunámsins þennan veturinn og þar af eru sjö í fullu námi.

Á þessari önn voru kenndir verklegu áfangarnir Gönguferðir, Klettklifur, Jöklaferðir, bóklega námskeiðið Skipulag ferða- og hópastjórnun og svo áfanginn Ferðir á eigin vegum þar sem nemendur eiga að skipuleggja og fara í 10 dagsferðir. Í desember og janúar meðan dagurinn er hvað stytur liggur verklega kennslan niðri og í stað hennar kemur áfanginn Veður- og jöklafræði.

Verklegu áföngunum er skipt upp í tvö námskeið sem kennd eru í sitt hvoru lagi og telja samtals níu kennsludaga.

Námið hófst í síðustu viku ágústmánaðar með Gönguferð 1 þar sem nemendur lærðu undirstöðuatriðin í ferðamennsku, tjaldlíf til fjalla og rötun með áttavita og korti. Farið var í þriggja daga ferð þar sem gengið var um Laxárdal í Nesjum og yfir í Endalausadal í Lóni. Gist var í tvær nætur á leiðinni og veðrið lék við hópinn.

Klettklifur 1 tók við í september. Þar var áherslan á að læra undirstöðuatriðin í klettklifri og fór kennslan fram á klifursvæðinu við Hnappavallahamra í Öræfum.

Færa þurfti eitt námskeið frá september yfir í október, sem gerði það að verkum að þrjú námskeið



Nemendur og kennarar við upphaf Gönguferðar 1. Mynd: Eyjólfur Guðmundsson

voru kennd þann mánuðinn. Fyrsta vikan byrjaði á Klettklifri 2 þar sem áhersla var lögð á að læra fleiri tegundir klettklifurs og bjargsgis. Gaman er að segja frá því að kennslan fór fram í fjórum sveitum sýslunnar, þrátt fyrir að megnið af henni hafi farið fram á klettklifursvæðunum við Vestrahorn og Hnappavallahamra.

Vikuna á eftir var kominn tími á Gönguferð 2. Markmið þess námskeiðs var að kenna nemendum rötun með GPS tækjum og GPS forritum í síma auk þess sem einn dagur fór í að læra að vaða ár.

Gengið var í kringum Reyðarártind í Lóni á tveimur dögum og gist eina nótt í Össurárdal. Veður var hið versta um nóttina og seinni daginn, alvöru slagveðursrigning sem gerði ferðina ævintýralegru. Síðasti dagur námskeiðsins var svo nýttur í að læra að vaða ár. Rigningin dagana á undan olli því að vatnsmagn í ám hafði aukist verulega sem gerði það að verkum að ekki þurfti að fara lengra en í Laxá í Nesjum til að finna kjöraðstæður til æfinga.

Í lok október hélt hópurninn í

Öræfin í Jöklaferð 1 með það að markmiði að læra undirstöðuatriðin í skriðjöklaferðamennsku og ísklifri. Farið var á Falljökul og Skaftafellsjökul og rjómaþliða var allt námskeiðið.

Aðra vikuna í nóvember var svo komið að lokaferð annarinnar sem var Jöklaferð 2. Farið var aftur í Öræfin og að þessu sinni var áherslan á að læra undirstöðuatriðin í ferðamennsku á hájökklum (t.d. Hvannadalshnúk), bjarga félagu upp úr sprungu og einn dagur fór í að læra íshellaferðamennsku. Farið var á Falljökul og Breiðamerkurjökul. Áhugasamir geta fundið fleiri myndir og ítarlegri samantektir á Facebook síðunni Fjallamennskunám FAS, eða á heimasíðu skólans.

Að lokum viljum við koma á framfæri kærnum þökkum til landeiganda og annarra sem hjálpað hafa til við framkvæmd ferðanna síðustu mánuði.

*Sigurður Ragnarsson*  
Kennari í fjallamennskunámi  
FAS



Árni kennari fer yfir notkun bergtrygginga í Klettklifri 2. Mynd: Sigurður Ragnarsson

## Jólablað Eystrahorns

**kemur út fimmtudaginn 20. desember**

Þeir sem óska eftir að senda jólakveðjur, auglýsa eða fá birt efni í jólablaðinu eru beðnir að hafa samband við ritstjóra sem fyrst í tölvupósti: [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is). Jólablaðið kemur út fimmtudaginn 20. desember og þarf allt efni, auglýsingar og kveðjur að berast í síðasta lagi kl. 14 þriðjudaginn 18. desember. Fólk getur sjálft samið kveðjurnar eða valið staðlaðar kveðjur sem hægt er að fá sendar í tölvupósti.

Hér er sýnishorn af einni gerð jólakveðju sem kostar kr. 3.500,- (4.340,- m/vsk).



*Sendum vinum og vandamönnum  
innilegar jólakveðjur  
með þökk fyrir liðin ár.*

*Jón og Gunna*

Hin árlega **jólatréssala** hjá Kiwanisklúbbnum Ós hefst laugardaginn 15. desember og lýkur á Þorláksmessu. Eins og áður verðum við hjá Miðbæ. **Virka daga er opið á milli kl. 17 og 19 en um helgar frá kl. 15 -18.** Styðjum landgræðslu, verslum í heimabyggð og eigum gleðileg jól. Allur ágóði rennur til góðgerðamála í heimabyggð. Kjörorð Kiwanis er „*Börnin fyrst og fremst,*“



Kiwanisklúbburinn Ós efnir til skötu- og saltfiskveislu með öllu tilheyrandi í **Cafe Tee**, Golfskálanum laugardaginn 15. desember á milli kl. 12:00 og 15:00.

**Verð krónur 2800.**

Ágóði rennur í styrktarsjóð Óss



**Kiwanis**  
Ísland - Føroyar



## Hársnyrtistofan FLIKK

**Austurbraut 15 • Sími 478-2110**

Opið laugardag 15. des. kl. 13-16.

Laugardag 22. des. kl. 13-17.

Þorláksmessu kl. 13-19.

Á milli hátíða verður aðeins opið

föstudaginn 28. des. kl. 13-17.

Úrval af fallegri og nýtsamlegri gjafavöru fyrir alla aldurshópa.

Íslenskir mógelskartgripir frá **GULLKÚNST**.

s.s kross á plötu með æðruleysisbæninni. Mjög flott leðurarmbönd með silfurplötu.

Vegvísir hálsmen o.fl., einnig mikið úrval af innfluttum skartgripum.

Verið velkomin.

**f i k k**  
Hársnyrtistofa Austurbraut 15



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: .....Tjörvi Óskarsson

Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn

### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-409068**

**Kt. 500210-2490**



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Spilað verður um **HORNAFJARÐAR-  
MEISTARANN Í HORNAFJARÐARMANNA**  
sunnudaginn 30. desember í Nýheimum.

Mætið vel.

### Athugið

Opnunartími heilsugæslustöðvar Hornafjarðar er eftirfarandi um jól og áramót.

**Heilsugæslan er lokuð á aðfangadag,  
jóladað og annan í jólu.**

Venjulegur opnunartími er þann 27. og 28. des.  
Lokað er á gamlársdag og nýársdag .

*Vinsamlegast athugið að endurnýja lyf tímalega í  
síma 470-8600 eða á [www.heilsuveru.is](http://www.heilsuveru.is)*

*Ef þarf að ná í lækni eftir lokun heilsugæslu er  
hringt í númerið 1700 og í neyðartilfellum í 112*



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

# TÍMI JÖKLANNA

jökullis 60x90 cm



stefanía ragnarsdóttir

18. Desember  
14. Desember  
2018

10. Desember  
10. Desember  
2018

20. Desember  
Hálfmánuður 2P  
Mál / Húsnáð


20. Desember  
Hálfmánuður 2P  
Húsnáð / 2P

Tal  
jökullis

18. Desember  
14. Desember  
2018



## Balkan kvöld á Hafinu



Laugardaginn 8. desember buðu íbúar Hafnar frá Balkanskaganum öllum íbúum sveitarfélagsins í party á Hafid. Nikolina Tintor ein af skipuleggjendum segir að með viðburðinum hafi þau viljað skapa vettvang fyrir íbúa til að hittast og leyfa fólki að upplifa skemmtun með tónlist frá Balkanskaganum. Hún segir viðburðinn hafa tekist ótrúlega vel og vonum fram, mætingin hafi verið góð og skemmtunin farið vel fram. Þarna hafi gamlir og nýir Hornfirðingar átt góða stund saman og sýnt það og sannað að hér er pláss og áhugi fyrir menningu annarra landa. Nikolina segir svona viðburði ekki bara byggja brú milli menningarheima heldur styrki þeir einnig tengsl íbúa frá Balkanskaganum en mörg þeirra vinni mikið og hittist því allt of sjaldan sem hópur. Eva Birgisdóttir framkvæmdastjóri á Hafinu tekur í sama streng og segir að kvöldið hafa verið ákaflega vel heppnað. Mætingin hafi farið fram úr björtustu vonum og skemmtunin staðið yfir langt fram á nótt. Sumir gestanna hafi verið svolítið hissa á tónlistinni þegar þeir mættu en ekki látið það stoppa sig í að taka snúning á dansgölfinu og skemmta sér með íbúnum okkar frá löndum fyrrum Júgóslavíu.

Hildur Ýr Ómarsdóttir  
Verkefnastjóri fjölmeningarmála

## Jóla- og styrktartónleikar 16. desember kl. 20:00



Að venju stendur Karla-kórinn Jökull fyrir jóla- og styrktartónleikum. Er það orðinn fastur liður hjá mörgum Hornfirðingum að sækja þennan tónlistarviðburð á aðventunni, og hafa margir það á orði að jólin geti komið að honum loknum. Að venju verður vönduð og góð dagskrá með bæði söng og hljóðfæraleik. Kynnir verður Soffía Auður Birgisdóttir og mun Ljósadeild leikfélagsins sjá um að gefa Hafnarkirkju hátíðlegan blæ. Miðaverð er að lágmarki kr. 2500 en þar sem um styrktartónleika er að ræða er frjálst að borga meira við innganginn. Ágóðinn af tónleikunum hefur alltaf runnið í góð málefni í héraði og verður það einnig nú. Samfélagssjóður Hornafjarðar mun að þessu sinni fá óskiptan aðgangseyri. Við vonumst til að sjá sem flesta í Hafnarkirkju á sunnudagskvöldið næsta og njóta ljúfra tóna og jólastemningar.

Jóla- og styrktartónleikar,  
Gauti Arnason,  
formaður Karla-kórsins Jökull

Jólagjöfina færð þú hjá okkur  
mikið úrval af fallegum og nytsamlegum gjöfum  
í jólapakkann  
Fallegir skartgripir og úr fyrir dömur og herra  
Opið á laugardaginn frá kl.13:00 -16:00  
Verið velkomin

*Húsgagna-  
val*

Símar: 478-2535 / 898-3664  
Opið: virka daga kl. 13:00 - 18:00  
Laugardaga kl. 13:00 - 15:00

EIRIKUR HAUKS

RAKEL PÁLS

UNNUR BIRNA

REGÍNA ÓSK

GLÆSILEGIR TÓNLEIKAR  
Í ÍPRÓTTAHÚSINU Á HÖFN  
13 DESEMBER KL 20:00

*Jólin til þín*

MIDAVERÐ 5990.-  
MIDASALA Á [midi.is](http://midi.is)





# Jólaafsláttur til félagsmanna



26%

**KEA Hangilæri**  
Úrbeinað

**2.898 kr/kg**  
Verð áður 3.898 kr/kg



32%

**KEA Hamborgarhryggur**

**1.299 kr/kg**  
Verð áður 1.898 kr/kg



Frábært verð!

**Heill frosinn kalkúnn**

**998 kr/kg**



43%

**Klementínur 2,3kg**

**398 kr/kassinn**  
Verð áður 698 kr/kassinn



**Coop niðursuðuvara**

**30% afsláttur**

30%



31%

**Laufabrauð 8 stk**

**798 kr**  
Verð áður 1.259 kr



40%

**Rúbín jólakaffi**

**598 kr**  
Verð áður 998 kr



45%

**Coca cola 4x2L**

**599 kr**  
Verð áður 1.099 kr





57%

Rauð epli

198 kr/kg

Verð áður 459 kr/kg



33%

Jólaís frá Kjörís  
1L

399 kr

Verð áður 599 kr



40%

Hátíðarblanda 0.5L

59 kr

Verð áður 99 kr

TILBOÐS-  
SPRENGJUR!



50%

Jólapiparkökur  
300g

99 kr

Verð áður 199 kr



30%

Nóa konfekt 800g

2.298 kr

Verð áður 3.298 kr



29%

Mackintosh  
1.2kg dós

898 kr

Verð áður 1.259 kr



36%

LG 55" Super UHD Smart TV

139.995 kr

Verð áður 219.995 kr



17%

Philips 65" UHD Smart TV

149.995 kr

Verð áður 179.995 kr

22%

Philips 50" UHD Smart TV

69.995 kr

Verð áður 89.995 kr

## Önnur tilboð

30% afsláttur af sérvöru, m.a. af Maku, Sistema og öllum leikföngum\*

Tilboðin gilda 13. - 16. desember

\*Gildir ekki af bókum og öðrum raftækjum en tilgreind eru í auglýsingu



FJÖLSKYLDU  
TILBOÐ

4 ostborgarar  
og franskar

**3.495 kr.**



Nesti

Tilboð gilda út desember 2018

KJÚKLINGA  
BORGARA  
TILBOÐ

Kjúklingaborgari með  
frönskum, sósu & gosi\*

**1.595 kr.**



Nesti

N1 Höfn  
s. 478 1940

\* 0,5 líter af gosi frá Vífilfell  
Tilboð gilda út desember 2018